

Yfirlýsing frá meðlimum Ráðgjafanefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu

27. september 2012

Í tilefni af 10 ára afmæli Matvælaöryggisstofnunar Evrópu

Fyrir tíu árum kynnti Evrópusambandið nýtt regluverk til að tryggja matar- og fæðuöryggi í Evrópu – en regluverkinu er ætlað að auka sjálfstraust við ákvörðunartöku og lagasetningu á sviði matvælaöryggis. Eins er því ætlað að styrkja grundvöll laganna með vísindalegum rannsóknum og auka sjálfstæði stofnana sem standa vörð um heilsu almennings.

Í tilefni þess að tíu ár eru liðin frá stofnun hennar, birtir Ráðgjafanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eftirfarandi yfirlýsingu:

“Á síðasta áratug hefur matvælaöryggi í Evrópu batnað til mikilla muna og til að fagna þessum áfanga viljum við sérstaklega leggja áherslu á það mikilvæga starf sem Matvælastofnun Evrópu (e. European Food Safety Authority - EFSA) hefur unnið. Matvælastofnun Evrópu hefur aukið neytendavernd, veitt aðildarríkjum mikilvægan stuðning auk þess sem stofnunin hefur reynst afar mikilvæg á tímum þegar matvælskortur hefur herjað á aðildarríkin.

Ráðgjafarnefndin hefur fulla trú á því ákvörðunartaka Matvælastofnunarinnar sé byggð á sjálfstæðu mati og vísindalegum rannsóknum. Ráðgjafarnefndin hefur á undaförnum tíu árum unnið í samstarfi við Matvælastofnunina við að styrkja áhættumat Evrópusambandsins og tryggja áframhaldandi hlutleysi stofnunarinnar.

Meðlimir okkar ítreka stuðning sinn við sjálfstæði þeirra sérfræðinga sem starfa með Matvælastofnun Evrópu og sem með vísindalegum rannsóknum sínum leggja grundvöll að áhættumati stofnunarinnar.

Lögbærar innlendar stofnanir á sviði matvælaöryggis í Evrópu sem eiga aðild að Ráðgjafarnefndinni lýsa því yfir að þær munu áfram skuldbinda sig til að styðja við stefnumótun stofnunarinnar og ákvarðanir sem byggja á vísindalegum rannsóknum. Í framtíðinni munum við leitast við að auka enn frekar vísindalegar undirstöður áhættumats og takast á við þær áskoranir sem koma til með að mæta okkur í síbreytilegu umhverfi.

Við munum byggja á þeim framförum sem hafa orðið frá árinu 2002 og halda áfram að styrkja þetta trúnaðarsamband sem hefur orðið til þess að auka matar- og fæðuöryggi í Evrópu.”